

Skrifstofa borgarstjórnar

Efni:

***Umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um
frumvarp til laga um kosningar til
sveitarstjórnar***

Með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags 12. maí 2017, var óskað eftir umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs við frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórnar (kosningaaldur), 190. mál. Ráðgert er að innifela umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs með umsögn yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð lagði til eftirfarandi umsögn á fundi ráðsins þann 15. maí 2017:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð tekur undir þær áhyggjur af minnkandi kosningaþátttöku ungs fólks sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu. Það er eitt af verkefnum ráðsins að leita þar leiða til úrbóta og í sveitarfélögum hefur sú þróun að kosningaþátttaka fer minnkandi og þá mest meðal yngsta aldurshópsins verið sérstaklega áberandi. Nauðsynlegt er að grípa til margþættra aðgerða og er lækkun kosningaaldurs ein möguleg aðgerð. Rannsóknir hafa sýnt fram á að traust til stjórnvalda er einn stærsti þátturinn sem hefur áhrif á hvort fólk nýtir sér kosningaréttinn. Með því að sýna ungmennum að þeim er treyst allt frá 16 ára aldri er mögulegt að traust þeirra gæti aukist á móti. Jafnframt verða 16 ára ungmenni sjálfráða á því kjörtímabili sem í hönd fer þegar kosning til sveitarstjórna fer fram og því ekki óeðlilegt að þau hafi rétt á að hafa áhrif á skipan sveitarstjórna í sínu sveitarfélagi.

Einnig býður Reykjavíkurborg ungmennum undir 18 ára aldri nú þegar upp á ýmsar leiðir til þátttöku sem stöðugt eru í þróun og væri lækkun kosningaaldurs því ekki mjög stórt skref að stíga.

Hjá Reykjavíkurborg hafa allt frá árinu 2001 verið starfandi ungmennaráð og er þannig eitt þeirra sveitarfélaga sem starfrækja slík ráð, líkt og rakið er í greinargerð með frumvarpinu. Tilgangur ungmennaráðanna er að þeir sem eru yngri en 18 ára geti tekið virkan þátt og haft áhrif í samfélaginu þó að þeir hafi ekki kosningarétt. Þau funda meðal annars árlega með borgarstjórn og hafa þar fulltrúar ungmennaráða fullt málfrelsi og tillögurétt.

Reykjavíkurborg hefur jafnframt allt frá árinu 2011 boðið almenningi upp á aðkomu að ákvörðunum borgarinnar á vefnum Betri Reykjavík, en þar hefur réttur til þátttöku ávallt miðast við 16 ára aldur. Vefurinn er í stöðugri þróun og eru árlegar kosningar um framkvæmdir í hverfum, Hverfið mitt (áður Betri hverfi) sennilega hin best heppnaða og þekktasta leið til þátttöku sem boðið er upp á í gegnum Betri Reykjavík. Á síðasta ári var kosningaþátttaka 9,4% og hefur aldrei verið hærri. Kópavogsbær og Mosfellsbær hafa nýtt sér sama hugbúnað á sama hátt og hefur þátttaka þar jafnvel verið enn betri. Kosningaréttur þar miðast við 16 ár rétt eins og hjá Reykjavíkurborg.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð er með tilliti til alls framangreinds samþykkt því að frumvarpið verði að lögum.

Sandra Dröfn Gylfadóttir